

Alþingi
Erindi nr. P 141/1642
komudagur 18.2.2013

Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 447. mál.

I. Almenn

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 stjórn fiskveiða, 447. mál., sem lagt var fyrir á Alþingi á 141. löggjafarþingi. Félagsmenn Félags atvinnurekenda, Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ) og Samtaka íslenskra fiskimanna (SÍF) leggja áherslu á að gætt sé jafnræðis við úthlutun aflaheimilda og við tilhögun fiskveiðikerfisins í heild. Það á ekki síst við um strandveiðar og krókaafلامark.

II. Athugasemdir

Undirritaðir gera athugasemdir við umrætt frumvarp að því er varðar magn kvóta sem strandveiðar fá til úthlutunar sem og þá sérmeðferð sem einn krókaafلامarkbátur fær á grundvelli frumvarpsins. Lögð er áhersla á að gætt sé jafnræðis og að hugað sé að afkomu þeirra atvinnugreina sem hér er um rætt.

1. Afli til strandveiða

Samkvæmt núgildandi lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 hefur ráðherra til ráðstöfunar 6.000 lestir, þ.e. 8.600 tonn, af óslægðum botnfiski sem nýttar skulu vera til handfæraveiða á ákveðnu tímabili. Í stað þess fastákveðins heildarafla er lagt til í umræddu frumvarpi að strandveiðar fái ráðstafað hluta af heildarafla þorsks og ufsa, þ.e. 3,6% af hvorri tegund. Í athugasemdum við frumvarpið er breytingunni ætlað að skjóta styrkari stoðum undir varanlegar strandveiðar.

Undirritaðir fallast ekki á þennan skilning og telja þvert á móti að verið sé að höggva að strandveiðum og auka enn frekar á óvissu í þessari atvinnugrein. Jafnframt er ávinningur af þessari breytingu óverulegur fyrir handfærabáta í tonnum talið, þ.e. fyrir fiskveiðiárið 2012/2013 hefði verið úthlutað rétt rúmum 20 tonnum meira á grundvelli breytinganna en nú var gert.

Til að auka atvinnuöryggi og farsæld smábáta í strandveiðikerfinu sem og hjá fiskmörkuðum er lagt til að sett verði ákveðið gólf á úthlutun kvóta fyrir handveiðar á hverju ári. Lagt er til að gólfíð nemi um 12.000 tonnum. Slíkt er í samræmi við markmið umdeilds frumvarps, þ.e. að skjóta styrkari stoðum undir varanlegar strandveiðar og myndi auka öryggi í greininni. Hið minnsta ber að tryggja strandveiðibátum það magn sem úthlutað er samkvæmt núgildandi lögum, þ.e. 8.600 tonn.

Jafnframt leggja undirritaðir til að hækkuð verði sú hlutdeild sem strandveiðibátar fá í heildarafla þorsk – og ufsaafla. Samkvæmt umræddum tillögum þá hefðu strandveiðibátar fengið um 8.800 tonn samtals í heildarúthlutun á yfirstandandi fiskveiðiári. Undirritaðir telja að slíkt dugi ekki til og að löggjafinn gangi of skammt í að tryggja atvinnuöryggi í strandveiðum. Leggja undirritaðir til að hlutdeild strandveiðibáta í þorsk – og ufsaafla verði 5% í stað 3,6%. Slíkt myndi tryggja strandveiðibátum rúm 12.000 tonn, á núgildandi fiskveiðiári.

Það skal þó áréttað að mikilvægt er að handfæraveiðar verði gefnar frjálssar og er af því tilefni bent á stjórnarflokkarnir gáfu út viljayfirlýsingu þess efni. Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að slíkt fyrirkomulag sé skaðlegt fyrir sjávarstofna m.a. þar sem handfærið er svo takmarkað veiðarfæri. Engar frekari hömlur eru nauðsynlegar. Með hliðsjón af því má ætla að frumvarp það sem um er rætt gangi of skammt og ber að endurskoða nauðsyn þeirrar takmörkunar á veiðum sem lögð er til.

2. Krókaafلامark – brot á jafnræði

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins þá er Fiskistofu heimilt, að fenginni beiðni eigenda fiskiskipa sem hafa veiðileyfi með krókaafلامarki og eru yfir leyfilegri stærð, þ.e. 15 brúttótonn eða stærri, að umskrá krókaafلامlutdeild þeirra í aflahlutdeild. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að einn bátur hafi verið stækkaður verulega en haldið hinsvegar leyfi sínu sem krókaafلامarksbátur.

Í 2. másl. 6. mgr. 12. gr. gildandi laga um stjórn fiskveiða kemur fram að krókaafلامlutdeild verður aðeins flutt á bát sem er undir 15 brúttótonnum enda hafi hann veiðileyfi með krókaafلامarki. Lögin skjóta hinsvegar ekki loku fyrir því að umræddir bátar geti stækkað umfram 15 brúttótonn og haldi jafnframt krókaafلامlutdeildinni. Fyrirliggjandi frumvarp tekur á þessum vanda og kveður á um að bátar yfir 15 brúttótonnum verði sviptir veiðileyfi með krókaafلامarki.

Ljóst er að það er með öllu ótækt að gera undantekningu á lögum fyrir einn bát. Þannig er einum aðila, sem hefur stækkað bát sinn úr hófi fram, heimilað að umskrá krókaafلامlutdeild sína í verðmætari aflahlutdeild. Slíkt hlýtur að teljast í andstöðu við hlutverk löggjafans og raska með ótilhlýðilegum hætti jafnræði aðila. Undirritaðir leggja því til að umrætt bráðabirgðaákvæði verði afnumið.

3. Yfirfærsla ónýtttra aflaheimilda í strandveiðar

Ljóst er að strandveiðar fá lítinn hluta af þeim afla sem úthlutað er á hverju ári. Umrædd atvinnugrein er þó mjög mikilvæg fyrir íslenskan markað og því brýnt að gæta að atvinnuöryggi greinarinnar, eins og lýst er hér að ofan. Til að auka enn frekar á það öryggi sem og að hámarka nýtingu á þeim auðlindum sem eru fyrir hendi þá leggja undirritaðir til að þær aflaheimildir sem ónýttar eru á hverju fiskveiðitímabili verði úthlutað til strandveiða á næsta fiskveiðitímabili.

Leggja undirritaðir til að þessu úrræði verði bætt við fyrirliggjandi frumvarp sem hefur það að markmiði að styrkja stoðir undir varanlegar strandveiðar.

III. Annað

Að lokum áskilja undirritaðir sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Undirritaðir lýsa sig jafnframt reiðubúna til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,


f.h. stjórn SÍF


f.h. stjórn SFÚ


f.h. Félags atvinnurekenda